

Reykjavík 16. október 2018

Umsagnaraðili: Refugee Council Iceland, kt. 600818-1390, Lögheimili: Efstaleiti 12, 103
Reykjavík. Tölvupóstfang: refugee.council.Iceland@gmail.com

Umsögn um: Tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.
149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 19 – 19. mál.

Við hjá Refugee Council Iceland fögnum og styðjum þessa tillögu um stofnun ráðgjafastofu. Það er ákaflega brýnt og löngu tímabært. Það er ljóst að hælisleitendur/flóttafólk, sérlega þeir sem EKKI koma til landsins sem kvóta flóttamenn, fá almennt ómarkvissa aðstoð og þjónustu hér á landi, m.a. vegna skorts á upplýsingarstofu fyrir flóttafólk. (á ensku; First-stop-shop).

Það er mat okkar að þjónusta við flóttafólk eigi best heima hjá félagasamtökum/fyrirtækjum með góðri samvinnu við fjölda stofnana, nefnda, ráða og hjálparsamtaka sem vinna að einhverju leyti að málefnum flóttamanna. Í dag er enginn aðili sem veitir heildræna þjónustu við hælisleitendur/flóttamenn á Íslandi en slíkar skrifstofur (sk. First-stop-shop) eru reknar víða í nágrennalöndum okkar með góðum árangri.

Upplýsingar um umsagnaraðila:

Refugee Council Iceland er félag sem var stofnað fyrir á þessu ári í þeim sama tilgangi og fram kemur í umræddri þingsályktunartillögu. Tveir af stjórnarmönnum eru fyrrum flóttamenn og eru nú íslenskir ríkisborgarar. Þeir hafa nán tengsl og upplýsingar beint frá einstaklingum sem eru í því ferli að sækja um vernd á Íslandi. Þessi tengsl og þekking á stöðu hælisleitenda/flóttamanna er mikilvægur styrkleiki félagsins. Félaginu hefur verið vel tekið af væntanlegum samstarfsaðilum.

F.h. stjórnar Refugee Council Iceland

Hulda Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Aðrir í stjórn:

Mohammed Omer Ibrahim, formaður

Yasin Hassan Yasin, meðstjórnandi